

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2017 vegna breytinga á útsvarstekjum og stofnframlögum

1. Viðauki vegna hækkunar á útsvarstekjum

Lagt er til að tekjuáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2017 verði endurskoðuð til hækkunar um 1.418 mkr. vegna endurskoðunar á áætluðum útsvarstekjum. Þessi tekjuauki verði færður á kostnaðarstað 09205 Ófyrirséð. Breytingin hefur eftirfarandi áhrif á A-hluta Reykjavíkurborgar:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð
SKATT	.00100	Skatttekjur	Kredit	- 1.417.791
ÖNN	.09205	Ófyrirséð	Debet	1.417.791
			Samtals	-

Greinargerð:

Rekja má aukningu útsvarstekna um 1.634 mkr til meiri launahækkana skv. launavísitölu (launaskrið) en fyrirséð var í þjóðhagssþá og meiri vinnuafldsaukningar en gert var ráð fyrir í spá fjármálaskrifstofu. Þá er fyrirsjáanleg lækkun á fasteignaskattatekjum um 216 mkr m.a. vegna endurálagningar á Hörpu í kjölfar úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar um fasteignamat Hörpu.

2. Viðauki vegna stofnframlaga

Lagt er til að heimilt verði að veita stofnframlög á árinu 2017 fyrir allt að 1.700 mkr. Gert er ráð fyrir að um 746 mkr af veittum stofnframlögum 2016 og 2017 komi fram í sjóðstreymi og til eignfærslu hjá Aðalsjóði á árinu og um 337 mkr komi til gjaldfærslu í rekstri.

Greinargerð

Á árinu 2016 samþykkti borgarstjórn heimild til að veita allt að 1.100 mkr til stofnframlaga Reykjavíkurborgar vegna kaupa og uppbyggingar á almennum leiguíbúðum og félagslegum leiguíbúðum á árunum 2016 og 2017. Í framhaldinu samþykkti borgarráð á árinu 2016 tillögur matsnefndar um veitingu stofnframlaga sem fól í sér samþykkt á stofnframlögum fyrir 985 mkr. Ekkert kom þó til greiðslu á árinu 2016 þannig að í uppgjöri ársins eru engin stofnframlög vegna

Þessa máls heldur færast þau yfir á árið 2017 og jafnvel að hluta 2018. Í samþykktri áætlun ársins 2017 er gert ráð fyrir 800 mkr vegna stofnframlaga. Í millitíðinni hefur ríkisstjórnin aukið verulega framlög sín til stofnframlaga á þessu ári og til næstu ára og mikilvægt að Reykjavíkurborg geri slíkt hið sama. Ef hlutdeild borgarinnar yrði aukin með sama hætti og ríkisins þyrfti að auka stofnframlög í 1.300 mkr á ári næstu árin sem verður verkefni fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar. Lagt er til vegna hinna mörgu brýnu verkefna að heimilt verði að veita stofnframlög á þessu ári fyrir allt að 1.700 mkr. Gert er ráð fyrir að um 746 mkr komi til greiðslu á þessu ári í sjóðstreymi Aðalsjóðs en á móti koma tekjur hjá Eignasjóði í rekstri vegna sölu byggingarréttar. Í gildandi fjárhagsáætlun Aðalsjóðs 2017 er gert ráð fyrir 256 mkr í stofnframlög vegna Félagsbústaða. Viðauki þessi felur þannig í sér eftirfarandi áhrif á sjóðsstreymi: Stofnframlög eru aukin um 844 mkr, langtímaskuldir aukast um 405 mkr og skammtímaskuldir aukast um 344 mkr en handbært fé lækkar um 95 mkr. Tillagan felur í sambærileg áhrif á efnahag og sjóðsstreymi A-hluta.

Dagur B. Eggertsson